

Umsögn um lagafrumvarp

Þingskjal 313 – 280. Mál / stjórnarfrumvarp

Frumvarp til laga um breytingu [á umferðarlögum, nr. 77/2019](#)

Sendandi: Oddur Gunnarsson deildarstjóri lögfræðideildar Landspítala

Umsögn Landspítala v. 10.gr. frumvarpsins (viðbót við 5.mgr. 86.gr. umferðarlaga):

Landspítali styður fram komna tillögu um viðbót við 5. mgr. 86. gr. umferðarlaga, sbr. 10. gr. í fyrirliggiandi frumvarpi.

Aukin umferð og fjölgun bifreiða hefur leitt til verulega aukinnar aðsóknar í gjaldfrjáls bílastæði við Landspítala og Háskóla Íslands. Fyrirséð er að sú aðsókn muni aukast umtalsvert vegna uppbyggingar í Vatnsmýrinni.

Málið er sérstaklega aðkallandi fyrir Landspítala vegna umfangsmikilla byggingaframkvæmda vegna spítalans við Hringbraut sem munu hefjast af miklum þunga í lok þessa árs og aukast svo stig af stigi á komandi ári. Hundruð starfsmanna munu vinna við þessar framkvæmdir. Það er afar brýnt að Landspítali geti þróað öfluga bílastæðastýringu eins fljótt og mögulegt er m.a. með nýtingu á bílastæðaöppum, myndavélum sem lesa bílnúmer, o.fl.

Fái spítalinn ekki reglur/verkfæri til að stýra bílastæðamálum sínum er mikil hættu á skorti á bílastæðum fyrir starfsemi spítalans með tilheyrandi óánægju allra viðkomandi hagsmunaaðila, m.a. sjúklinga og gesta þeirra. Nú þegar liggur fyrir tillaga að reglugerð á grundvelli ákvæðisins.

Með kveðju,

Oddur Gunnarsson,

deildarstjóri lögfræðideildar Landspítala

s. 824-5361